

Samþykkt fyrir Innkauparáð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Innkauparáð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum. Ráðið skal haga störfum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur Reykjavíkurborgar, samþykktum í borgarráði 17. febrúar 2005, auk laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og laga um opinber innkaup nr. 94/2001, eftir því sem við á.

Verksvið

2. gr.

Innkauparáð mótar stefnu í innkaupamálum Reykjavíkurborgar og gerir tillögur til borgarráðs þar um. Það hefur almennt eftirlit með því að innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og innkaupareglum sé fylgt við innkaup borgarsjóðs og stofnana hans, og tekur til meðferðar ábendingar og athugasemdir þar að lútandi.

Þjónustu- og rekstrarsvið sendir ráðinu reglubundið heildaryfirlit yfir viðskipti þeirra sem gera innkaup fyrir hönd Reykjavíkurborgar, með athugasemdum ef þurfa þykir. Þá skal innkauparáði tilkynnt um fyrirhuguðu útboð á evrópska efnahagssvæðinu.

Innkauparáð skal beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara í innkaupamálum til viðkomandi sviðsstjóra/forstöðumanns og fagnefndar. Innkauparáð getur boðað sviðsstjóra/forstöðumenn til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum.

Verði ráðið þess áskynja að það alvarlegir ágallar séu á meðferð innkaupamáls að þörf sé á íhlutun, vísar ráðið því til borgarráðs með tillögu að afgreiðslu.

3. gr.

Innkauparáð á beina aðkomu að framkvæmd einstakra innkaupa í eftirfarandi tilfellum:

- a. Innkauparáð getur heimilað lokað útboð meðal valdra bjóðenda án forvals, enda liggja málefnalegar og gildar ástæður þar að baki, sbr. 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- b. Innkauparáð tekur ákvörðun um heimild til framhaldskaupa og gerð samningsviðauka, þegar áætluð fjárhæð er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 18. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- c. Innkauparáð afgreiðir innkaupamál, sé áætluð samningsfjárhæð yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í 2. mgr. 24. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- d. Innkauparáð getur heimilað að skipuð sé dómnefnd, er ráði niðurstöðu um val á hagstæðasta tilboði, þátttakendur í lokuðu útboði og þátttakendur eða vinningshafa í samkeppni, sbr. 3. og 4. mgr. 24. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- e. Þá afgreiðir innkauparáð þau innkaupamál, sem kaupendur vísa sérstaklega til ráðsins, sbr. 1. mgr. 24. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.
- f. Innkauparáð getur þegar málefnaleg rök mæla með því, heimilað undanþágu frá fyrirspurnarskyldu skv. 7. og 17. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Innkauparáð tekur ákvarðanir í málum skv. liðum a-f hér að framan að fengnum tillögum kaupanda. Komi upp ágreiningur milli kaupanda og ráðsins geta aðilar, hvor um sig, vísað honum til borgarráðs. Þá getur ráðið ávallt óskað eftir því að borgarráð taki ákvörðun í máli.

Sé talin þörf á því að veitt sé undanþága frá útboðsskyldu í innkaupamáli skal því vísað til afgreiðslu borgarráðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Ágreiningi um hvort tiltekið mál eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Innkauparáð skal taka fyrir og afgreiða þær kvartanir og ábendingar, sem ráðinu berast frá þjóðendum eða seljendum vöru, verka og þjónustu, að fenginni umsögn lögræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs og/eða kaupanda, enda heyri málið ekki undir kærunefnd útboðsmála. Kvörtun skal berast innkauparáði skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er tilefni kvörtunarinnar.

Varði kvörtun afgreiðslu innkauparáðs, skal henni vísað til borgarráðs ásamt umsögn ráðsins.

Skipan

5. gr.

Ráðið er svo skipað að í því eiga sæti 3 fulltrúar, kosnir af borgarstjórn, og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil innkauparáðs er hið sama og borgarstjórnar.

Innkauparáð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmörkuð mál. Slíkum nefndum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynnt borgarráði.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður innkauparáðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Innkauparáð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk fulltrúa í ráðinu um fund ber að verða við því. Fella má niður fundi ráðsins árlega í allt að tvo mánuði.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við ritara og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Skrifstofustjórar innkaupaskrifstofu þjónustu- og rekstrarsviðs og lögfræðiskrifstofu stjórnarsýslu- og starfsmannasviðs eru innkauparáði til ráðgjafar og skulu þeir, eða staðgenglar þeirra, sitja fundi innkauparáðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Innkauparáð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Stjórnarsýslu- og starfsmannasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Málsmeðferð

9. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Innkauparáð getur ákveðið að óska aðkomu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar að einstökum málum eða beint erindum sem því berast til innri endurskoðunar til nánari skoðunar.

Um hæfi fulltrúa í innkauparáði í einstökum málum fer eftir ákvæðum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Fulltrúum í innkauparáði er óheimilt að þiggja boðsferðir eða gjafir sem tengjast viðskiptum við Reykjavíkurborg nema með sérstakri heimild borgarstjóra hverju sinni.

Fulltrúar í ráðinu skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

Samþykkt í borgarstjórn 20. desember 2005